



Fundagerð 169. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 17. nóvember kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður, Snæfríður Einarsdóttir, Tinna Magnúsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason (kom seint 11:35)

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson og Helgi Már Sigurgeirsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 168
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Staðan hjá Húsi fagfélaganna.
4. NMF – þing.
5. Jólagjafir og styrkir.
6. Fjárhagsáætlun.
7. Önnur mál.

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr.

Fundagerð 168 fundar samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Formaður sagði frá því að mestur tími undanfarið hafi farið í samningafundi vegna iðnaðarmanna og undirbúning þeirra funda. Einnig hafa verið samskipti við VR og SGS. Þegar leið á var ljóst að SA bauð einungis 3,5% launahækkun. Þegar það lá fyrir vísuðu VR og SGS deilunni til Sáttasemjara og iðnaðamenn fóru svo á eftir þeim. Það lítur úr fyrir að skammtímasamningur náist ekki því slíkan samning þarf að klára fyrir mánaðarmót. Næsti fundur hjá Sáttasemjara er 18. nóvember (á morgun). Hugmyndir að hækkunum í skammtímasamningi voru um 8% hækkun á lægstu og miðtaxta en krónutala á hærri taxta. Aðrar kröfur s.s. 30 daga orlof og styttri vinnuvika er ekki uppi á borðum í skammtímasamningi. Margir félagar í SGS félögunum eru með 24 daga orlof, svo 30 daga orlof á línuna þar munu kosta mjög mikið.

Í könnun meðal iðnaðarmanna var lengra orlof fyrsta krafa en launahækkun var ekki efst á blaði. Staða fyrirtækja er góð svo þau ættu að hafa efni á launahækkunum. Verðbólga hér að nokkru leyti vegna innanlands hækkana.

Samningur við SFS. Þar er ekkert að gerast því útgerðarmenn gera kröfu á sparnað á móti hækkun í t.d. lífeyrissjóð. Þ.e. samning sem kostar útgerðarmenn ekkert.

Sjómannasambandið virðist á leið út úr samfloti sjómannafélaganna og einhverjar hugmyndir eru uppi um að sáttasemjari leggi fram sáttatillögu.

Miðstjórn ASÍ. Formenn landssambanda (FLSA) hafa fundað um mál sem snúa að ríkinu. Þau mál þurfa frekari umræðu. Viðræður við ríkið þurfa að vera á sameiginlegu borði stéttarfélaganna og til að hefja viðræður á þeim forsendum þarf að virkja samstarfssamning ASÍ. Formaður



óskaði eftir leyfi stjórnar til að vinna að þessu máli og samþykkja, ef úr verður, að virkja samstarfssamning ASÍ og var það samþykkt.

Formaður sagi frá umræðu milli Hrafnistu og Skjólís um leyfi Skjólís til að byggja á lóð Hrafnistu (við Laugarásbío) þar sem Skjól hefur þegar byggt hús.

Mál Íbúðalánasjóðs, ríkisins og lífeyrissjóðanna um ríkisábyrgð á fjárreiðum á sjóðsins. Lífeyrissjóðir geta ekki samþykkt tillögu fjármálaráðherra um að láta skuld sjóðsins falla á lífeyrissjóðina. Áhöld eru um hvort skuldir íbúðalánasjóðs séu að fullu ríkistryggðar.

Félögin á Stórhöfða héldu þrjú vel sótt námskeið um lífeyrissjóði og áætlað er að bjóða námskeiðin áfram einu sinni í mánuði.

3. Staðan hjá Húsi fagfélaganna.

Staða mála í húsi fagfélaganna (2F) mjakast í átt að niðurstöðu um fyrirkomulag á Stórhöfðanum.

Samstarf vegna kjarasamninga gengur mjög vel.

FIT fer úr samstarfi 2F um áramótin.

4. NMF – þing.

Farið var yfir í stuttu máli samantekt um Fund Norræna vélstjórásambandsins (NMF) og ráðstefnu sambandsins um öryggismál vegna nýrra orkugjafa á skipum, sem haldinn var 24 og 25. október 2022 í Stokkhólmi. Markmið ráðstefnunnar var vekja athygli siglingayfirvalda og sambanda sjómanna á norðurlöndunum á skorti á nýjum reglum vegna nýrra orkugjafa um borð í skipum.

Frummælendur á ráðstefnunni voru frá sænskum, norskum og dönskum siglingayfirvöldum, sem fóru yfir verkefni og áætlanir sem þeirra stofnanir þurfa að vinna að til að bæta öryggisreglur með tilliti til væntanlegar orkuskipta og hvernig ná má nauðsynlegri hæfni áhafna í tíma.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru sammála um mikilvægi samstarfs þvert á landamæri um stefnumótun varðandi lög og reglur um nýja orkugjafa, sjálfbæra mönnun skipa og jöfn samkeppnisskilyrði. Fundir hafa verið skipulagðir til að fylgja þessu markmiði eftir og vinna norræna stefnumótun sem lögð verður fyrir Alþjóða siglingamálastofnunina (IMO).

Færeyjar og Ísland sendu ekki fulltrúa frá Siglingayfirvöldum síns lands. Hvað Ísland varðar svaraði Samgöngustofa fyrirspurn félagsins þ.a. ekki væri nein vinna í gangi hér á landi um lög og reglur vegna væntanlegar orkuskipta. Stofnunin bíður eftir því hvaða lausnir verða valdar og þá er hægt að vinna lög og reglur um þá orkugjafa. Á Íslandi og í Færeyjum eru fiskiskip uppistaðan í flotanum, á meðan hinar þjóðirnar huga mest að kaupskipaflotum sínum. Þar þarf að leggja meiri áherslu á alþjóðareglur svo skip allra þjóða geti siglt um allan heim á sömu forsendum.

5. Jólagjafir og styrkir

Jólagjafir

Ræddar voru jólagjafir til starfsfólks VM og 2F.

Samþykkt að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar um kr. 1.100.000



6. Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun orlofshúsa fyrir árið 2022 var samþykkt. Tekjur orlofsheimilaskjódís og leigutekjur eru áætlaðar samtals kr. 118.674.619. Fastur kostnaður ásamt viðhaldi á húsum, lóðum og innbúi samtals kr. 143.624.616. Kostnaður umfram tekjur því áætlaður kr. 24.949.997

Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna viðhalds er endurbýggingar sundlaugarinnar á Laugarvatni, sem áætlaður er 20 milljónir.

Ákveðið var að stjórn VM skori á orlofsnefnd að endurskoða reglur um hundahald í orlofshúsum VM.

7. Önnur mál.

Snæfríður sagði frá því að hún væri að skipta um starf og verður áhafnarstjóri hjá Eimskipum. Það er ósk fyrirtækisins að hún segi sig úr stjórn VM vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra. Þá er það samkomulag milli formanns VM og Snæfríðar að hann taki við af henni í samráðsnefnd Auðlindin okkar og að hún taki sæti varamanns í nefndinni. Hún verður áfram félagi í VM og varamaður í fulltrúaráði Birtu.“

Ný heimasíða VM er í vinnslu og áætlað að hún verði opnuð í byrjun desember. Hönnun er sú sama og hjá félögunum á Stórhöfðanum.

Formaður kynnti námskeið um samskipti frá GCG. Tillaga hans um að leita upplýsinga um námskeið hjá ASÍ var samþykkt.

Formaður ræddi 12 liðna fyrirspurn fyrirverandi formanns til stjórnar VM. Verið er að vinna í svörum. unnið að svörum.

Lagt var til af stjórnarmanni I að þegar svör liggja fyrir verði haldinn félagsfundur þar sem farið verður yfir svör félagsins við spurningum. Ákveðið að skoða þessa tillögu þegar nær dregur.

Óskað var eftir upplýsingum um þær nefndir sem VM á fulltrúa í. Ákveðið að vinna samantekt fyrir næsta stjórnarfund.

Fundur slitið kl. 15:03

Fundagerð ritaði Halldór Arnar Guðmundsson